



FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

1. fundur bygginganefndar um framkvæmdir við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka var haldinn þriðjudaginn 16. apríl 2019 og hófst kl. 19,30. Fundurinn var haldinn í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Eyþór H. Ólafsson, Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var skráð í tölvu.

1. Formaður. Samþykkt að Árni Eiríksson verði formaður nefndarinnar.

2. Hlutverk. Bygginganefndin skal hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum við Búðarstíg 22. Nefndin ræður verktaka og aðra ráðgjafa til starfa.

3. Fyrstu skref. Rætt var um drög að verkáætlun eftir að safnið fær Búðarstíg 22 í hendur. Samþykkt að tala við ráðgefandi aðila um næstu skref. Safnstjóra falið að gera drög að verkþáttaáætlun og leggja fyrir næsta fund. Stefnt að næsta fundi 23. apríl kl. 19.30.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 20,15.

Árni Eiríksson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Lýður Pálsson